





Afstöðumynd

1 : 500

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunavarnalýsing er niðurstöðutexti brunavarna sem nánar er gerð grein fyrir í brunahönnunarskýrslu Lotu nr. 6525-002-bh01 dagsett í febrúar 2026. Hér fyrir neðan er brunavörnum allrar byggingarinnar lýst.

Flokkun og notkun byggingar

Um er að ræða grunnskóla á einni hæð fyrir 1.-10. bekk sem er að mestu leyti í notkunarlokki 5, en starfsmannsvæði í notkunarlokki 1.

Brunahólfun

Grunnskólinn er eitt meginbrunahólf og tengist við íþróttabyggingu með EI90 veggjum, EW60 gluggum og EW60-CS₂₀₀ hurð að íþróttahúsi. Frágangur þaks og þaksyfirborðs á milli bygginga verður þannig að takmörkuð hættu sé á eldsútbreiðslu á milli bygginga.

Önnur brunahólfun er að jafnaði með EI60 veggjum, EW30 glerveggjum, EI230-CS₂₀₀ eða EW30-CS₂₀₀ hurðum. Meginhæð skólans skiptist þannig í brunahólfun að tveir gangar og aðalanddyri eru þrjú brunahólf, eldhús og matsalur eru eitt brunahólf, heimasvæði og kennslustofur mynda yfirleitt um 50-100 m² brunahólf og kennaraaðstaða er eitt brunahólf. Saleirni fylgja að jafnaði brunahólfir ganga.

Efri hæð skiptist í brunahólfín stigahús, syðra smíðusvæði, nyrðra smíðusvæði og sitthvort loftræsirýmið. Brunahólfun á milli brunahólfa um lyftugöng verður með EI60 brunahólfandi lyftuhurðum ásamt sjálfvirkri reyklosun ofarlega í lyftugöngum.

Tæknirými (ásamt hjálpggjandi rekstrarrýmum eftir aðstæðum) mynda saman brunahólf. Hægt verður að nýta segulhalðara til að halda uppi völdum brunahólfandi hurðum en einnig má nýta Free-Swing lokunarbúnað sem leyfir ákveðnum brunahólfandi hurðum að haldaist í opinni og lausri stöðu að jafnaði en loka við brunaboð.

Burðarvirki

Brunamótstaða aðalburðarvirkja verður R60 (þ.m.t. stálburðarbitar í matsal sem verða eldavarnamálaðir). Hæðaskil verða a.m.k. REI60. Brunamótstaða burðarvirkis stiga verður a.m.k. A-R30. Brunapól burðarvirkis við skil meginbrunahólfa að íþróttahúsi skulu uppfylla a.m.k. R90 brunakrófu.

Klæðningar

Klæðningar eru skv. staðlærðönni ÍST EN 13501: Vegg- og loftaklæðningar uppfylla að jafnaði B-s1,d0 (flokkur 1). Niðurhengd loft, upphengikerfi og hljóðdempunarplötur þar sem slíkt verður notað verða einnig í flokki B-s1,d0. Gólfefni skulu a.m.k. uppfylla D1-s1. Í eldri byggingarhluta eru að hluta klæðningar á veggjum og loftum sem aðeins eru í flokki 2 en það verður upptætt þar sem slíkt reynist þrýnt (helst á meginflötaleiðum). Auk þess eru timburgerbitar áfram sem burðarkerfi þaks í eldri byggingarhluta. Utanhússklæðning skólans er úr steypu en veðurkápa er að meginu til úr timbri sem uppfyllir a.m.k. D-s2,d0 (flokkur 2) en að litlu leyti á samtingingum bygginga og byggingarhluta úr illbrennanlegum efnum sem uppfylla B-s1,d0 (flokkur 1). Þakklæðningar skulu uppfylla B-s2,d0 (2) en þó þannig að reiknað er með grastorum á litk hallandi þakhlutum en þess gætt að um 50 cm ræma upp við veggj bygginga sé með óbrennanlegum flötum (t.d. steinhellur) til að forða brunasmiti milli bygginga eða byggingarhluta. Róráeinangrun skal almennt vera úr óbrennanlegum efnum, A2L-s1,d0. Einangrun í byggingunum eru óbrennanlegar, A2-s1,d0, nema þar sem áður samþykktar undanþágur byggingarreglugerðar heimila brennanlega einangrun.

Flöttaleiðir

Flöttaleiðir verða sýndar á aðaluppdráttum. Frá hverri heimastofu, sal og göngum verða a.m.k. tvær óháðar rýmingarleiðir. Reiknað er með að hreyfihamlaðir geti nýtt sér allar almennar flöttaleiðir og munu þær uppfylla kröfur er varða aðgengi að flöttaleiðum í samræmi við byggingarreglugerð. Í stöku tilfellum er önnur leið fyrir hreyfihamlaða eða á öruggt biðsvæði. Frá öllum heimasvæðum og öðrum kennslustofum liggur annars vegar rýmingarleið að gangi og þaðan út og hins vegar um björgunarpóp úr undir bert loft, nema betur sé gert í einstaka tilfellum með hurð beint út. Tvær óháðar flöttaleiðir eru frá aðstöðu kennara.

Frá matsal er hægt að rýma beint út, upp stiga og eftir gangi út eða inn í íþróttahús. Auk þess er leið fyrir hreyfihamlaða í gegnum eldhús.

Flöttaleiðir frá smíðjum á 2. hæð verða í fyrsta lagi um opið stigahús niður, eða í öðru lagi að svölum norðan megin eða að björgunarpopp sunnan megin sem bæði flokkast sem örugg biðsvæði og hægt að láta vita af sér. Stigahús verður ekki flokkað sem öruggt biðsvæði.

Flöttaleiðir verða útfærðar þannig að þær uppfylli viðmiðunareglur byggingarreglugerðar um reiknaðar gönguleigrir flöttaleiða, sem er að hámarki 30 m fyrir mannvirki í notkunarlokki 5.

Örugg svæði

Örugg svæði verða á 2. hæð fyrir fatlaða úr smíðjum sitt hvoru megin í byggingunni, annars vegar við eða á svölum norðan megin og hins vegar við við björgunarpopp sunnan megin.

Brunaviðvörðunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörðunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis ásamt yfirflitsmynd verður í tæknirými og skjástöð í anddyrisrími við hlöina á því. Ljósmerki verða í sökklum reykskynjara á völdum stöðum, svo sem salernum fatlaðra, á göngum og völdum minni rýmum – til að taka mið af algildri hönnun. Allur búnaður skal uppfylla viðkomandi EN staðla og skal viðvörðun frá honum, uppsetning, allur rekstur og viðhald vera í samræmi við leiðbeiningar HMS.

Loftræsikerfi

Loftræsikerfi skulu vera hönnuð í samræmi við DS 428 og taka mið af ÍST EN 13501-3. Gengið skal þannig frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar né stuði að útbreiðslu reyks við bruna. Við brunaboð skal loftræsikerfi stöðvast og bruna- og/eða reyklokur lokast. Bruna- og reyklokur EI 60-S verða í brunahólfunarskilum og verður sett upp þröfnarstöð sem prófar allar lokur reglulega. Byggingin verður loftræst með vélrænni loftræsingu með loftræsisamstæðum í tæknirýmum. Loftrásir fyrir eldhúseim skulu vera með heilsöðnum samsetningum og ganga órofnar út, uppfylla EI 30 B-s1,d0 og þannig gerðar að auðvelt sé að hreinsa þær.

Reyklosun

Reyklosun verður í lyftuskakti með sjálfvirkri reykglúu í þaki (1m²). Reyklúgan opnast við staðfest brunaboð. Reyklúgan skal uppfylla kröfur burðarþolshönnuðar til snjóálag (SL) og vindálags (WL) auk þess að uppfylla Re 1000, B₃₀₀30, T(-15) skv. staðli ÍST EN 12101-2. Að öðru leyti verður mögulegt að reykraesa bygginguna um dyr og glugga.

Slöngukefli og slökkvitæki

Slöngukefli skv. ÍST EN 671-1 verða á þremur stöðum í skólanum, í matsal og eitt á hvorum gangi í skólabýggingunni.

Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 verða staðsett víða í byggingunum í öllum meginrymum sem dvalið er í, og auk þess í tæknirýmum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning slökkvitækja skja merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

Háfur – slökkvikerfi og lagnir

Slökkvikerfi verður í hálf í eldhúsi suðurbyggingar sem tækniskipti fyrir opið eldhús. Leiðbeiningar HMS nr. 6.0.48 um slökkvikerfi í eldhúsháfum skulu hafðar að leiðarlísi. Slökkvikerfið er sjálfvirk en einnig verður hægt að virkja það handvirkri með sveif eða álika í hentugri fjarlægð frá háfi. Miðað verður við leiðbeiningar sem SHS gaf út um einlag्नir frá eldhúsi og um útsögsrör frá framleiðslueldhúsum.

Neyðarlýsing og leiðarmerki

Leiðarmerki og neyðarlýsing verður sett upp í byggingunum skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Neyðarlýsing verður í stökum lömpum víða um bygginguna. Reikna skal með a.m.k. 5 lux í flöttaleið opinna stiga, 1 lux á öðrum flöttaleiðum, en 0,5 lux í rýmum stærri en 60 m², og á salernum fyrir fatlaða og í fólkslyftum. Neyðarlýsing, minnst 15 lux, verður í tæknirýmum. Neyðarlýsing skal vera 5 lux við neyðarbúnað; svo sem handboða, brotfora, brunaslöngur, slökkvitæki, brunatæppi, stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis og rýminganuppdrætti. Neyðarlýsing þarf að vera utanhúss við útdyri flöttaleiða, en auk þess almenn ljóslýsing (a.m.k. með hreyfiskynjara en annars silögandi) þar sem götulyfing telst ekki nægileg.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvívatn

Samkvæmt gögnum frá slökkviliði á Seyðisfirði má gera ráð fyrir útkallstími slökkviliðs sé undir 10 mín. Aðkoma Slökkviliðs er frá Skólavegi að aðalíngangi skólans austan megin. Næstu brunahanar eru við sundlaugna (65m) og við brúna á Ránargötu vestan megin við Fjarðará (180m).

Eftirlit og viðhald brunavarnarkerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörðunarkerfi ásamt jaðarbúnaði, brunavarnabúnaði loftræsikerfa, slöngukefli, handslökkvitækjum, leiðarmerkjum og neyðarlýsingu og hurðaseglum). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir grunnskólann í samræmi við reglugerð 723/2017 um eldvarnir og eldavarnareftirlit.

Grunnskóli Seyðisfirði, Skólavegi 1
Landnr.L 155232 Staðgreining.F2168749

Starfsemi:

Um er að ræða stækkun á núverandi skólahúsnæði. Í skólanum verða nemendur í 1.-10. Bekk ásamt aðstöðu tónlistarskóla bæjarins. Aðalíngangur skólans er á vestur hlið hússins ásamt. Starfsmannainngangur er austan megin ásamt vörumtötkuhurð. Bílar með vörur munu keyra meðfram íþróttahúsinu upp að vörumtötkuhurðinni. Skólinn er að hluta til á einni hæð en eldri hlutinn er á tveimur hæðum ásamt viðbyggingu við þá hæð. Stækkun skólans má lýsa þannig að núverandi hús er framlengt til vesturs og í framhaldi af heini stækkun kemur tengibygging sem tengir saman skólann og íþróttahúsi Seyðisfjarðar. Austan megin við núverandi hús er einnar hæðar andyri sem verður fjarlægð og þess í stað kemur ný andyrisbygging og austan megin við hana kemur nýbygging með skólastofum og starfsmannarými á jörnhæð og loftræsisamstæðu á 2. Hæð.

Byggingarlýsing

Skólinn er samsettur úr 2 húsum ásamt tveimur millihúsum. Hús nr. 1 var byggt 1982 og er að meginhluta timburhús. Stækkun á húsi 1, hús 2 og millihúsin eru að öllu leyti steinsteyp, einangruð að utan og klædd ýmist með timburklæðningu í flokki 1 og að öðru leyti með sléttri áklæðningu.

Þak á tengibyggingum verður byggt upp með staðsteyptri láréttri plötu með formuðum vatnshalla. Önnur þök eru einangruð með 200 mm einangrun, þakull, í sperrubíl. Loftað yfir einangrun.

Burðarvirki

Megin burðarvirki byggingarinnar er járnþent steinsteypa, þakvirki úr timbri og stáli. Veggir verða steyptr, plötur eru staðsteyptar eða samverkandi kerfi stálbita, stáldekkis og steypu. Súlur eru úr stáli. Á jörnhæð eru plötur á fyllingu. Milliþlötur bera sig á milli staðsteypra veggja og eru staðsteyptar og slakkbentar.

Um tvær mismunandi uppbyggingar þaka er að ræða. Í meginhluta byggingar er um hefðbundi timburþak að ræða. Þar ganga sperrur frá veggjum upp í mæni studdar ýmist af steyptum veggjum eða limtrésbitum. Bitar eru studdir af stálsúlum sem falla í innveggi milli kennslustofa. Tengibyggingar hafa lághallandi þak (1:40 halli) og einangruð sem viðsúin þök, á einangrunarlag kemur farg, hellur og torf. Burðarvirki þaksins verður samverkandi kerfi stálbita, stáldekkis og steypu. Stálbitar spanna yfir rými tengibygginga, við núverandi byggingar verður ýmist komið fyrir festingum í núverandi steypa vegg eða álag tekið um súlur í undirstöður. Gert er ráð fyrir nettum súlum innan við gluggaprofíla í matsal.

Láréttri kraftar sem á bygginguna virka eru teknir upp með skífuvirkni í þakklæðningu, í steyptra veggj og um steyptra veggj í undirstöður.

Byggingin er grunduð á fyllingu

Lagnir og loftræsting

Lagnaleiðir:

Löðréttrir lagnastokkar eru ýmist utanálíggjandi á vegg eða á bak við veggj fyrir frárennslis-, neytsluvatns og hitalagnir. Frá lagnastökkum er svo lagt að tækjum.

Upphitun:

Byggingin er hituð með hitaveitu. Hitakerfi er sambland af ofnum og gólfhita.

Loftræsing:

Byggingarnar er loftræstar með vélrænni loftræsingu.

Inntök:

Inntök verða í inntaksrými.

Fráveitulagnir:

Tvöfalt fráveitukerfi verður fyrir bygginguna, regnvatnskerfi og skolpkerfi. Fráveitulagnir eru tengdar við heimaæðar í gotu.

Aðgengi

Húsið er hannað á grundvelli algildrar hönnunar. Allar dyr í húsinu, jafnt inni- sem útidyr, eru með ljósmál a.m.k. 83 cm og hæð 2,10 m. Það er sjálfvirkur dyraopnari/hnappur við innganga hússins. Hæðarmunur inni og úti er mestur 25 mm að meðtöldri hæð á þroskaldi. Bílastæði fatlaðra verða upphítuð og upphítuð leið liggur að inngöngum. Hæðarmunur milli húshluta eru 115 cm, lyfta tekur upp þann hæðarmun.

RAFLAGNIR

Almennt

Raflagnahönnun verður skv. kröfum byggingareglugerðar, leiðbeiningar HMS og víðeigandi staðla skv. reglugerð um raforkuvirki, ásamt þeim kröfum sem fram koma í útbóðsgögnum frá verkkaupa. Við val á búnaði, verður lögð áhersla á kröfur um gæði, endingu og hagkvæmni í rekstri. Þar sem eldri og ný bygging liggja saman, verður sýnilegur búnaður samræmdur eins og kostur er.

Heimtaugar

Gert er ráð fyrir nýrri heimtaug, töluvert stærri en fyrri, og verður hún tekin inn í aðaltöflu í nýju inntaksrými á NA hlið, þaðan munu svo liggja stofnstrengir í nýjar greinatöflur í nýjum byggingum og einnig í núverandi greinatöflu í eldri hluta. Stofnstrengurinn frá smíðastofunni verður þá aflagður.

Lagnaleiðir

Allar lagnir verða huldar í plaströrum eða á lagnastigum þar sem aðgengi er fyrir ofan loft. Stofnlag्नir verða í plaströrum í steyptum plötum og í jarðvegi utanhúss. Lagnaleiðir í matsal og tónlistarstofu verða að hluta til í gólfum. Gert verður ráð fyrir löngum út í lóð fyrir lýsingu og aðra möguleika í framtíðinni. Lagnaleiðir í heimilisfræðistofu og á 2. hæð í eldri hluta, verða notaðar áfram, en í rýmum sem breytast verður allt endurnýjað.

Lágspennukerfi

Lágspennudreifing verður frá greinatöflum í hverjum byggingahluta fyrir sig ásamt sér töflu í eldhúsi fyrir eldhústæki. Strengir verða halógenfrír þar sem þeir verða notaðir en annars ídráttarviri í rör í huldum lögnum. Lagnaefni sem ekki er hulið verður halógenfrítt.

Almennt verða rofar til kveikingar lömpum, en í einhverjum rýmum verða víðveruskynjarar. Kveiking útlíjosa verður á GPS klukku.

Smáspennukerfi

Núverandi inntak ljósléiðara er í tæknirými undir stiga í eldri byggingunni, en verður fært inn í nýtt inntaksrými þar sem aðaltafan verður staðsett. Þaðan verður dreifing með ljósléiðara í önnur tæknirými. Tölvulagnir verða almennt RJ45 tenglar á hverri starfsstöð kennara og víða ef við á. Einnig verða staðsettr tenglar fyrir þráðlaust net sem nær yfir alla hluta bygginganna.

Öryggis- og aðgangskerfi verður í eldri byggingu sem og í nýjum. Öryggiskerfið vaktar alla innganga og öll rými með gluggum ásamt vatnsleka í víðeigandi rýmum. Aðgangskerfi verður á úthörðum og hurðum sem einungis starfsfólk hefur aðgang að. Myndavélakerfi verða utan á húsinu sem vaktar innganga og önnur víðeigandi svæði. Tekið er tillit til persónuvernðar við hönnun kerfisins.

Nýtt brunaviðvörðunarkerfi verður í allri byggingunni, þ.e. stjórnstöð, skynjarar og annar búnaður, alls staðar í húsinu, en strenglagnir í heimilisfræðistofu og á 2. hæð í eldri hluta verða nýttir áfram.

Raflýsing

Áhersla verður lögð á gæði lampa með tilliti til rekstrarkostnaðar og endingar. Allir lampar verða floktríir. Lýsingarhönnun leggur áherslu á jafna dreifingu ljóss sem koma skal í veg fyrir að notendur byggingar upplifi glýju.

Lýsing verður dimmanleg í kennslustofum, fjölnota rýmum, hvíldar rýmum, skrifstofum, vinnuástöðu og kaflaástöðu. Rými sem skilgreint er sem lessvæði verður lýsing hönnuð með upplifun nemanda í huga og verður lýsing þar einnig dimmanleg. Lampar verða ýmist utanálíggjandi, innfelleiri eða hangandi eftir því sem hentar best. Hverju sinni.

Í matsal verður lýsing aðlögunarhæf í samræmi við mismunandi hlutverk sem rýmið mun þjóna.

Til að ganga úr skugga að hönnunarforsendur séu uppfylltar verða gerðir útreikningar sem börnir eru saman við lágmarkskröfur byggingarreglugerðar hvað varðar vinnustaðalýsingu fyrir starfsfólk í skólum (ÍST EN 12464-1).

HLJÓÐVIST

Við hönnun nýbyggingar og endurbætur á Suðurgötu 1 á Seyðisfirði verða kröfur til hljóðvistar uppfylltar, þ.e. að lágmarki kröfur skv. gæðaflokki C í staðinum ÍST45:2016. Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Í kafla 7 eru skilgreindar kröfur til skólahúsnæðis fyrir öll skólastig þar til grunnskóla lýkur. Fullnægjandi hljóðeinangrun milli rýma verður tryggð með því að beita þekktum lausnum við uppbyggingu veggja sem og við val á hurðum og glerjum. Gólfefni verða valin m.a. með högghljóðstígt í nálægum rýmum í huga. Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfylltar, jafnt til lofthljóðeinangrunar milli rýma sem og hljóðstígs frá tæknibúnaði. Verður hljóðeinangrunargildi glerja áætlað til þess að hljóðstígt innanryra uppfylli kröfur reglugerðar til hávaða frá umferð. Í meðfylgjandi greinargerð hljóðhönnuðar eru sett fram markmið og kröfur til hljóðvistar vegna Grunnskólans á Seyðisfirði ásamt því að greint er frá hljóðhönnun skólans.

Útveggir

Eru steinsteyptr, einangraðir að utan með 100 mm steinullarplötum, klæddir með við og áklæðningu. Kólnunartala útveggja er 0,4 W/m² C°

Innveggir

Steyptir veggir sléttmúraðir og málaðir. Léttrir innveggir eru gífsklæddir, fylltir með steinull og sömuleiðis málaðir.

Gluggar

Er ál-tré gluggar. Allt gler er tvöfalt einangrunargler, einangrunargildi skv.

Þök

Þak yfir viðbyggingu og nýja hlutanum er mænispak uppbyggt með sperrum. Þak verður klætt með svörtum og rauður bárujárnsplötum. Þak yfir tengibyggingunum xxxxxx

Loft

Loftaklæðning innanhúss eru ýmist kerfisloft, og hins vegnar gipsloft. Engin niðurtekin loft eru í tengibyggingunum.

Gólf

Keramíklíflsar eru á gólfum snyrtinga, þurrkrymi, þvottahúsi og ræstingu og fataklefa starfsmanna. Íþróttar dükur er salnum. Vinydükur er á eldhúsi. Á öðrum gólfum er dükur og í öllum leik og kennslurýmum er kork undirlag. Gólfniðurfóll eru í öllum votrymum.

Sorpgeymsla

Sorpgeymsla er stakstæð á lóðinni staðsett við norð-austurhlið hússins í nálægð við eldhús og bílastæði skólans.

Bílastæði

Ekki verður gerð breyting á bílastæðum skólans.

1 stæði fyrir hreyfihamlaða ætlað leikskólanum er rétt utan við lóðarmörk. Lóð er hönnuð af Eflu hf.

Stærðir:

Lóðarstærð: 5532,6 m²
Nýtingarhlutfall: 0,24

	FLÖTUR	RÚMMÁL
—		
1.hæð	: 1122,7 m ²	5071,8 m ³
2.hæð	: 225,5 m ²	605,7 m ³
Botnflötur:		216,0 m ³
Stærð húss samtals	: 1348,2 m²	5893,6 m³

Samantekt til að setja á aðaluppdrætti			
Reiknað U-Gildi byggingarhluta			
Gluggar	1.5	2	krafa frá reglugerð W/m ² K
Hurðir	2.5	3	W/m ² K
Steyptir útveggir, einangr: utan, loftræst klæðning	0.37	0.40	W/m ² K
Léttur útveggur einangraður í grind	0.27	0.30	W/m ² K
Botnplata	0.21	0.30	W/m ² K
Viðsnuð þak	0.17	0.20	W/m ² K
Lét timburþak	0.20	0.20	W/m ² K
Reiknað vegið meðaltal			
Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða	0.77		W/m ² K
Reiknað varmatap á m ² húss			
Varmatap á brúttó m ² húss	0.56		W/m ² K

ÖLL MÁL OG AÐSTÆÐUR ATHUGIST Á STAÐNUM AÐUR EN SMÍÐI HEFST. OHEIMILT ER AÐ MÆLA UPP AF TEIKNINGUM. ASK ARKITEKTUM SKAL TILKYNNT UM OSAMRÆMI OG VAFAATRÍÐI ER UPP KUNNA AÐ KOMA.

ASK ARKITEKTAR
Ráðgjafaríngur 10 105 Reykjavík 5388 210 0200 ask@ask.is


Gudinn Ragna Yngvadóttir		Aðkelti F.Á.		Kl. 22:04:22-3559	
HÖNNUNUR ADALÞORRATÖNNUNNAKUNNARSTJÓRN				gudrun@ask.is	
VERKNEFI					
Grunnskólinn Seyðisfirði					
Skólavegi 1					
TEGUND TEIKNINGAR					
ADALTEIKNINGAR					
HEITI TEIKNINGAR					
Afstöðumynd					
Byggingarýsing					
MÖK. Í 1					
1 : 500					
HANNAÐ					
GRY					
TEKNAÐ					
EG					
YFRF.					
ASK					
DAGS					
24.02.2026					
VERK NÚM.		AÐLEIÐENI - NÚMER TEIKNINGAR		UTGAFA	
05129		10-01			




Austur
1 : 100



Suður
1 : 100



Norður
1 : 100



Vestur
1 : 100

ÖLL MÁL OG AÐSTÆÐUR ATHUGIST Á STAÐNUM
AÐUR EN SMÍÐI HEFST.
ÓHEIMILT ER AÐ MÆLA UPP AF TEIKNINGUM.
ASK ARKITEKTUM SKAL TILKYNNNT UM
ÓSAMRÆMI OG VAFAATRÍÐI ER UPP KUNNA AÐ
KOMA.

ÚTG.	BREYTING	TEIKN.	YFIRF.	DAGS.
------	----------	--------	--------	-------

ASK ARKITEKTAR
Rauðulagur 10 · 105 Reykjavík · Sími 515 0200 · [www.ask.is](#)

Guðrún Ragna Yngvaddóttir Arkitekt F.A.I. KÍ 220482-3599
HÖNNUNUR AÐALUPPRÁTTAHOÐUNNAEFTIR
VERKEFNI gudzun@ask.is

Grunnskólinn Seyðisfirði
Skólavegi 1

TEGLUND TEIKNINGAR
ADALTEIKNINGAR
HETTI TEIKNINGAR
Útlit

Austur, Norður, Suður, Vestur

VERK NÚM. 05129
ALDREKNI - NÚMÉR TEIKNINGAR 10-05
ÚTGÁFA

SKV. I A1
1 : 100
HÖNNAD GRY
TEIKNAD EG
YFIRF ASK
DAGS 24.02.2026
ÚTGÁFA